„HEF ALDREI MEIRA EN É

— SEGIR LJÚFLINGURINN SIGFÚS

Það er verið að byggja við húsið hans Sigfúsar í Kópavogi. Hann leiddi mig til stofu, en hinum megin við vegginn dundu hamarshöggin og vélsög kveinaði hástöfum með litlum hvildum. Mér leist miður vel á að tala við listamanninn undir þessum kringumstæðum, þessum háværu krefjandi hljóðum, sem voru í svo mikilli andstæðu við fas þessa ljúflings þjóðarinnar.

En Sigfús Halldórsson haggaðist hvergi og virtist ekki finna fyrir óþægindum. Hver nagli sem rekinn var fastur og hver trjáviðsstubbur sem féll fyrir nístandi veini sagarinnar hljómaði sem fagnaðarstef í eyrum hans því langþráður draumur var að rætast. Með viðbyggingunni fær hann loksins eigin vinnustofu þar sem hann getur samið lög og málað myndir.

Sigfús Halldórsson er ekki þeirrar tegundar manna sem mest ber á um þessar mundir. Hógværð og látleysi einkenna tal hans og framkomu. Hann gerir fyrst og fremst kröfur til sjálf sín og háværar upphrópanir eru honum viðs fjarri.

„Þessi þjóð er mjög listræn, ef hún bara vildi rífast minna um alla skapaða hluti. Þeir einir sem rífast sem ekki vita. Hinir rökræða", segir Sigfús meðan við erum að koma okkur fyrir.

Hann tekur því viðsfjarri að Jóhannes Helgi sé búinn að þurrausa hann í samtalsbók þeirra félaga sem kemur út í haust. „Þetta er samtalsbók en ekki ævisaga, blessaður vertu. Það hefur verið mjög gott að vinna með Jóhannesi og við höfum átt ljúfar stundir saman". Svo sest Sigfús við pianóið og spilar lag meðan ég ydda blýantinn. (Þetta síðasta er að vísu lygi því ég notaði penna, en svona setningum er ætlað að efla traust lesenda á blaðamönnum). Svo hófst spjallið.

Ég spyr hvort mikið hafi verið um tónlist á heimili foreldra hans.

„Það var mikil músik á minu heimili þegar ég var krakki. Mamma spilaði á gítar og söng og raunar kemur tónlistargáfan sterkar fram í móðurættinni. Ég vissi þó ekki fyrr en nú nýlega, að við Björgvin heitinn Guðmundsson tónskáld vorum skyldir í þriðja og fjórða. En það voru líka músikantar í föðurættinni, má nefna Þórhall Árnason sellóleikara og Magnus Á. Árnason málara sem einnig hefur kompónerað.

Ég get eiginlega ekki tímasett það hvenær ég byrjaði sjálfur að semja lög. Mér er sagt að þriggja til fjögurra ára hafi ég verið farinn að spila nánast öll lög sem ég heyrði og ég man eitt lag sem ég gerði átta ára. Einhvern veginn hefur mér alltaf verið þetta eðlislægt".

Tilurð Litlu flugunnar

Mér er í barnsminni er Litla flugan fór að heyrast í útvarpinu. Þetta leikandi lag sem þjóðin söng hátt og í hljóði árum saman og gerir eflaust enn. En hvernig varð Litla flugan til?

Það kemur Sigfúsi ekki á óvart að talið skuli svo fljótt berast að Flugunni, hann hlær við og segir:

„Ég hafði orðið fyrir slysi á árinu 1951 og í vetrarbyrjun bauð séra Þórarinn Þór mér að koma og dvelja hjá sér að Reykhólum meðan ég væri að jafna mig. Þetta var afskaplega kaldur og snjóþungur vetur.

Eitt sinn er ég var að rabba við Sigurð Elíasson, sem starfaði á annað skipti er Sigfús staddur í Hamborg og enn stingur hann sér inn á vertshús. Þar hafði hann ekki dvalið lengi er fjórar stúlkur, sem héldu uppi hljómlist, léku syrpu af lögum hans. Þetta þótti honum vænt um, bað þjón að færa þeim drykk og lét nafnspjald sitt fylgja.

„Þá komu þær með langa syrpu, ein 15 lög, eftir mig og ekki nóg með það, heldur sendu þær mér heilt stigvél af bjór og það var stórt stigvél". Litla stund verður Sigfús fjarrænn á svip meðan hann hugsar um þessi ósköp af bjór. Eflaust hefur höfundurinn ekki fengið færri sjússa út á Fluguna en spilararnir.

— Háðu þessar miklu vinsældir Flugunnar þér við áframhaldandi lagasmíð?

„Þessar vinsældir keyrðu um þverbak og ég fékk hundleið á henni. Fór ósjálfrátt að hugsa til Gade sem gerði tangóinn „Jealousy" og komst aldrei frá því lagi þótt hann raunar kompónerði margt ágætt síðar. Það var farið að valda mér áhyggjum hvort ég kæmist nokkurn tíma frá þessu lagi. En ég var heppinn, næsta lag sem ég gerði var „Játning" sem varð mjög vinsælt og það var nóg fyrir mig".

— Þú hafðir samið önnur lög á undan Flugunni?

„Já, „Við eigum samleið" var fyrsta lagið, síðan „Dagný" og „Við tvö og blómið"."

Hinn ljúfsári tónn

Fyrir okkur sem varla getum raulað ófalska nótu eru tónsmíðar eitthvað í ætt við galdra, en Sigfús talar um þetta sem sjálfsagðan hlut. En hvernig verður lag til?

„Þessu lýstur niður. Maður er eins og viðtæki, þetta kemur einhvers staðar frá. Ef ég verð hrifinn af kvæði þá geng ég með það um tíma og svo verður lagið bara til af sjálfu sér".

— Heyrir þú lagið inni í þér?

„Já, ég geri það og ég heyri lögin mín allt öðru vísi en þú gerir. Ég held að ég hafi bara einu sinni heyrt lag eftir mig á sama hátt og ég geri ráð fyrir að aðrir heyri þau.

Það var sunnudagssíðdegi. Ég lá útaf með bók í hendi og hafði útvarpið opið. Verið var að senda út efni frá kristilegu móti á Akureyri. Þá heyri ég lag sem mér þótti undurfallegt, legg frá mér bókina og fer að hlusta. Eftir nokkra takta heyri ég að þetta er lag eftir mig og er það líklega í eina skiptið sem ég hef heyrt lag eftir mig á þennan hátt.

Ég var ekki nema 17 eða 18 ára þegar ég samdi „Við eigum samleið". Mér fannst það undarleg tilfinning þegar ég heyrði þetta lag fyrst blístrað úti í náttúrunni. Það var svolítið ljúfsárt. Ég var glaður yfir því að einhver lærði lagið, en um leið átti ég það ekki lengur einn. Þessi tilfinning hefur ekki komið yfir mig síðan".

— Ljúfsárt, sagðir þú. Sum lögin þín eru einmitt ljúfsár?

„Já, það er eðlilegt. Þótt ég hafi borið gæfu til að taka hlutina ekki of nærri mér, þá hefi ég kannski stundum orðið hryggur og gleðin orðið blendin. Þá verður þessi tónn til".

— Tónninn virðist hitta í mark?

„Ég er að lifa lífinu með minu samferðarfólki og kannski á þetta erindi til þess. Ég er ekkert stórtónskáld, er bara svona af Guðsnáð. En þessir snillingar, þeir mundu eftir fólkinu sem þeir lifðu með. Beethoven sandi „Til Elize" og Mozart gerði lagið „Hann Tumi fer á fætur". Þeir mundu eftir sínu fólki og lifa enn. Ég hef aldrei kvalist af þeirri upplýjómun að gera eitthvað bara fyrir mig og verða svo heimsfrægur eftir dauðann".

Sigfús þegir litla stund og ég heyri smiðina handan við vegginn þarna við tilraunastöðina, spyr ég hvað sé hægt að gera til að lyfta fólkinu upp í þessum kulda og einangrun.

— Ég veit það ekki, segir Sigurður, en ég hef stundum farið upp á Hyrnu og ort frá mér leiðindin. Ég er nú ekkert skáld, en skal lofa þér að heyra eitthvað sem þar hefur orðið til.

Svo þuldi hann langa rollu og í henni voru þessar vísur um Litlu fluguna. Það var auðvelt að sjá hvernig hann kvað leiðindin frá sér með þessu móti. Nú, ég spyr hvort ég megi eiga Fluguna og það var auðsótt mál. Svo kom lagið ósjálfrátt.

Jólin voru skammt undan og þegar þau runnu upp fór ég í jólasveinabúning og söng þetta fyrir börnin á staðnum, sem lærðu lagið undir eins. Það kom síðan út árið 1952 og eftir að hafa heyrst einu sinni í útvarpi var flugið hafið.

Ég hélt að Litla flugan mundi deyja jafnskjótt og hún flaug upp, en það varð nú eitthvað annað. Hún hefur flogið víða um lönd og margir spilarar fengið sjúss út á Fluguna", segir Sigfús og hlær.

Stigvél af bjór

Við ræðum enn um Litlu fluguna og Sigfús segir mér frá því þegar hann á ferð í Kaupmannahöfn kom á skemmtistaðinn Atlantik Pallas. Finnsk stúlka lék þar fyrir gesti og bauð Sigfúsi inn á sitt privat.

„Þar dró hún upp gríðarstórt glas og fyllti það af visky. Segir að ég skuli drekka þetta því hún sé orðin alkaholisti af því að spila lögin mín. En hún lék þau afskaplega vel".

negla og saga sem mest þeir mega. Svo heldur Sigfús áfram:

„Þessar góðu viðtökur sem lögin mín hafa fengið hafa verið mér mikils virði. Það er með þetta eins og annað. Ef þér er aldrei þakkað fyrir það sem þú gerir þá gefstu upp. Mönnum ber að þakka oftar en gert er. Það eru alltaf margir sem eru fljótir til að hrópa af torgum ef einhverjum verður á í messunni.



Með Pétri Jónssyni óperusöngvara

Ég hef þekkt marga góða listamenn og mér er til dæmis Pétur Jónsson óperusöngvari minnisstæður. Ef hann heyrði góða rödd í útvarpinu þaut hann upp úr stólnum og sagði fagnandi: „Kannski er einn að bætast í hópinn". Að þessu leyti er ég ekki ólíkur Pétri og gleðst í hvert sinn sem ég heyri eitthvað gott og fallegt".

Listin er lífið

— Þú hefur samið nokkur stærri tónverk?

„Já, en þau eru ekki mörg. Ég samdi verk við Stjána bláa Arnar Arnarsonar og einnig samdi ég talsvert stórt verk við „Til sjómannsekkjunnar" eftir séra Sigurð Einarsson í Holti. Svo er eitt smásinfóníuljóð sem heitir „Þakkargjörð".

Ég hef gegnum árin glímt geysimikið við „Dettifoss" Kristjáns Jónssonar og held að ég sé loksins búinn að ljúka við það tónverk, sem er hugsað fyrir hljómsveit og kór.

Hins vegar hefi ég aldrei lært svo mikið að ég sé að halsa mér völl á stærri sviðum, reyni bara að halda mér innan þess ramma sem ég er maður til. Ég hef alltaf þurft að vinna fyrir mér og mínum með öðrum störfum og því aldrei getað helgað mig listinni eingöngu. Hvar ég vann? Var lengi í Útvegsbankanum, einnig mörg ár á Skattstofunni og hef unnið víðar. Nú er ég teiknikennari við Langholtsskóla og kann vel við mig þar. Gott samstarfsfólk og þetta er yndislegt starf".

— Hvernig líkar þér við þá tónlist sem ungir menn eru að semja um þessar mundir?

„Ég er talsvert opinn fyrir þessum ungu mönnum og því sem þeir eru að gera. En það er með það eins og annað í lífinu, að maður verður að gæta þess að éta ekki allt sem að manni er rétt. Margt er þarna mjög gott en sumt er líka ekkert annað en rugl.

Hafi maður enga reynslu hefur maður ekkert að segja. Það þarf ákaflega mikla hreinskilni og samviskusemi til að gera góð listaverk, eins og til að lifa lífinu. Listin er ekkert annað en lífið. Þar duga engar hundakúnstir, menn ná ekki langt með því móti".

Blekking vinsins

Við ræðum enn góða stund um tónlistina og talið berst að glaum og gleði sem oft fylgja listamannslífinu. Sigfús segist þakka Guði fyrir að hafa alltaf haft auga fyrir góðlátlegu skopi, en sér leiðist oddhvasst skop. Skoplaust fólk hljóti að fara mikils á mis.

„Þú spyrð um gleðskap. Það hefur alltaf verið glaðværð í kringum mig og er enn. Þessu fylgdi auðvitað áfengi, sérstaklega þegar maður var yngri og ég var glaður og reifur með vini. En það er nú kannski rétt að taka það fram strax, að ég gat aldrei kompónerað fullur. En það gat hent sig að eitthvað kæmi ef ég var tímaður, næmur og leið illa.

Það eru margir listamenn dálítið háðir áfengi. Eftir að ég hætti alveg að drekka, fyrir rúmum þremur árum, hafa margir spurt mig hvort það drepi ekki sköpunargáfuna að hætta. Ég get ekki svarað fyrir aðra en mig, en ég